

Þriðjudaginn 5. maí 1998.

Nr. 176/1998.

Sveinberg Laxdal

(Þorsteinn Hjaltason hdl.)

gegn

Ásmundi S. Jóhannssyni

(enginn)

Kærumál. Málskostnaður. Frávísun máls frá Hæstarétti. Kæruheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. apríl 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 3. apríl 1998, þar sem sóknaraðila var gert að greiða varnaraðila málskostnað í einkamáli milli þeirra. Sóknaraðili vísar ekki til tiltekins lagaákvæðis um heimild til kærunnar. Hann krefst sýknu af kröfum varnaraðila og málskostnaðar í héraði auk kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili höfðaði málið á hendur sóknaraðila með stefnu, birtri 24. janúar 1998, til heimtu skuldar vegna lögfræðipjónustu, að fjárhæð 62.250 krónur, auk dráttarvaxta frá 25. febrúar 1995 til greiðsludags og málskostnaðar. Hinn 27. janúar 1998 mun sóknaraðili hafa greitt inn á bankareikning varnaraðila 95.331,60 krónur með þeirri skýringu einni, að af þeirri fjárhæð væri höfuðstóll 62.250 krónur og dráttarvextir 33.081 króna. Af þessu tilefni lýsti varnaraðili yfir því við þingfestingu málsins, að hann breytti kröfum sínum þannig, að frá framangreindu bæri að draga 95.331,60 krónur, sem greiddar hefðu verið inn á skuldina. Í greinargerð sóknaraðila fyrir héraðsdómi krafðist hann sýknu af kröfum varnaraðila. Með hinum kærða úrskurði leysti héraðsdómari úr því einu, hvernig færi um málskostnað á milli aðila.

Svo sem að framan greinir, var málið höfðað um kröfu, sem að höfuðstól náði ekki áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994. Þegar

svo er ástatt, verður úrskurður um greiðslu málskostnaðar ekki kærður á grundvelli g-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 nema með leyfi Hæstaréttar, sbr. 4. mgr. 150. gr. sömu laga svo og dóma Hæstaréttar 14. nóvember 1994 í dómasafni þess árs, bls. 2368 og 2372. Sóknaraðili hefur ekki aflað slíks leyfis. Verður því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ranglega kveðið upp úrskurð í málinu í stað þess, að efnisdómur gengi um ágreining aðila, þótt hann kunni í reynd aðeins að hafa varðað kröfur á báða bóga um greiðslu málskostnaðar, úr því sem komið var. Í ljósi fyrrgreindrar niðurstöðu um, að heimild skorti til kæru í málinu, verður ekki hreyft við hinum kærða úrskurði af þessum sökum.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 3. apríl 1998.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. mars sl., hefur Ásmundur S. Jóhannsson lögfræðingur, kt. 150334-3659, Byggðavegi 86, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 24. janúar 1998, á hendur Sveinberg Laxdal bónda, kt. 030742-2579, Ytri-Grund, Grýtubakkahreppi.

Í stefnu eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 62.250 kr. með vöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. febrúar 1995 til greiðsludags og 50.000 kr. í málskostnað auk vsk.

Við þingfestingu málsins lagði stefnandi fram svokallaða „sókn“, þar sem hann breytir kröfugerð sinni í málinu. Eru kröfur hans nú þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 62.250 kr. með vöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. febrúar 1995 til greiðsludags og málskostnað, 50.000 kr., auk virðisaukaskatts á þá fjárhæð, allt að frádregnum 95.331,60 kr., er stefndi greiddi inn á skuldina 27. 1. 1998.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Stefnandi kveður málsatvik þau, að hann hafi 9. janúar 1995 sent stefnda tvo reikninga fyrir lögfræðistörf, hvorn að fjárhæð 249.000 kr., samtals 498.000 kr. Hinn 23. febrúar s. á. hafi stefndi sent stjórn Lögmannafélags Íslands reikningana ásamt nokkrum málsskjölum með fyrirspurn og kæru út af gjaldtöku þessari, enn fremur með tilliti til málsmeðferðar stefnanda. Í

niðurstöðu álitsgerðar félagsins, sem dagsett sé 24. janúar 1996, segi svo: „Telur stjórn LMFÍ verð á þóknun varnaraðila f. h. sóknaraðila í málinu nr. E-601/1993 vera 50.000 kr. auk vsk. og útlagðs kostnaðar.“ Stefnandi kveður stefnda ekki hafa boðið fram greiðslu skv. erindisúrlausn þeirri, er að framan getur. Stefnanda sé því nauðsyn að fá fram aðfararhæfan dóm til viðurkenningar á rétti sínum, stefnukröfunni. Stefndi hafi greitt útlagðan kostnað stefnanda, og geri hann enda ekki kröfur í málinu þar um. Krafan sé því reist á niðurstöðu álitsgerðarinnar, þ. e. 50.000 kr. í þóknun auk vsk., 12.250 krónur, og vaxta, sem miðist við upphaf erinds hans til stjórnar LMFÍ, sem sé 23. febrúar 1995. Málskostnaðarkrafan sé miðuð við almenna reglu lögmannna í málum sem þessu.

Í „sókn“ sinni kveður stefnandi ástæðu fyrir breyttri kröfugerð vera innborgun stefnda á reikning stefnanda nr. 15931 í Búnaðarbankanum á Akureyri 27. 1. 1998, 95.331,60 kr., með eftirfarandi skýringu/athugasemd: „Höfuðstóll 62.250 kr., dráttarvextir 33.081 kr.“ Innborgun þessi sé gerð eftir útgáfu og birtingu stefnu, og sé málskostnaður ógreiddur. Sé því haldið fast við upphaflega stefnukröfu málsins með þeirri breytingu, er leiðir af innborguninni.

Svo sem að framan er rakið, greiddi stefndi höfuðstól stefnukröfunnar ásamt dráttarvöxtum, áður en málið var þingfest, og snýst mál þetta því einungis um það, hvort stefnda beri að greiða stefnanda málskostnað.

Lögmenn beggja aðila kröfðust þess við munnlegan flutning, að dómur gengi um ágreining þeirra, og var málið því dómtekið að loknum munnlegum málflutningi.

Dómarinn lítur svo á, að úrlausn þessa ágreinings sæti úrskurði, sbr. g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi telur, að sér hafi ekki verið skylt að greiða kröfu stefnanda, fyrr en hann framvísaði reikningi fyrir henni, en það hafi hann aldrei gert. Þrátt fyrir það hafi stefndi greitt höfuðstól og vexti skuldarinnar án skyldu, er honum var birt stefnan. Telur hann málshöfðun stefnanda hafa verið þarflausa.

Reisir stefndi sýknukröfu sína á málskostnaðarkröfu stefnanda á framangreindu svo og kröfu sína um málskostnað.

Ekki er ágreiningur um, að stefnandi hafi sent stefnda reikninga þá, er að framan getur, og að stefndi hafi leitað álits stjórnar Lögmannafélags Íslands um réttmæti þeirra.

Að fenginni niðurstöðu stjórnar Lögmannafélags Íslands bauð stefndi ekki fram greiðslu, svo sem honum bar skv. almennum reglum kröfuréttar. Verður því að telja, að stefnanda hafi verið rétt að fara í þær innheimtuað-

gerðir, er hann gerði, með því að fela lögmanni málið. Af þessu hlaut stefnandi kostnað, sem stefnda ber að greiða honum. Þykir kostnaður þessi hæfilega ákveðinn 40.000 kr.

Stefnandi er lögmaður og því virðisaukaskattsskyldur. Verður stefnda því ekki gert að greiða honum virðisaukaskatt á þóknunarlið lögmanns hans.

Úrskurð þennan kveður upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

Á l y k t a r o r ð:

Stefndi, Sveinberg Laxdal, greiði stefnanda, Ásmundi S. Jóhannssyni, 40.000 kr. í málskostnað.
